

Nd.

625. Breytingartillögur

[222. mál]

við frv. til l. um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Við 39. gr. Fyrir „100 ha.“ komi: 75 ha.

2. Við 62. gr.

a. Í stað „kr. 120 000.00“ á tveimur stöðum í 1. lið komi: 150 þús. kr.

b. Við 1. lið bætist:

Framlag þetta skal greiðast á framkvæmdir, sem gerðar hafa verið eftir 1. janúar 1969. Greiðslur þessar breytast samkvæmt byggingarvísitölu.

c. Í stað 2. málsg. 4. liðar komi:

Til endurræktunar túna vegna kals eða annarra skemmda, að viðbættu framlagi samkv. jarðræktarlögum, allt að 80% af ræktunar- og girðingar-kostnaði, samkv. meðalverði hvers árs. Þó skal ekki veita framlag á sama land með styttra millibili en þremur árum. Sama heimild gildir, þó að annað land sé tekið til ræktunar í stað hins skemmda túns, enda sé það gert í samráði við héraðsráðunaut og landnámsstjóra.

Af framlagi samkv. þessum lið skal greiða 5% til viðkomandi búnaðar-sambands.

3. Við 69. gr. Greinin falli niður.